

# **Akstursípróttar- og skotsvæði á Glerárdal**

**Lýsing breytingar á aðalskipulagi**

**Matslýsing**

29. maí 2013

Skipulagsdeild Akureyrar



**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFI GUDJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar faí

## Efnisyfirlit

|           |                                                             |          |
|-----------|-------------------------------------------------------------|----------|
| <b>1.</b> | <b>Yfirlit.....</b>                                         | <b>3</b> |
| 1.1       | Viðfangsefni .....                                          | 3        |
| <b>2.</b> | <b>Helstu forsendur.....</b>                                | <b>4</b> |
| 2.1       | Staðhættir.....                                             | 4        |
| 2.2       | Gildandi skipulagsákvæði og tengsl við aðrar áætlanir ..... | 4        |
| 2.2.1     | Ákvæði aðalskipulags Akureyrar 2005-2018 .....              | 4        |
| 2.2.2     | Gildandi deiliskipulag.....                                 | 6        |
| 2.2.3     | Aðliggjandi deiliskipulag.....                              | 6        |
| 2.2.4     | Aðrar áætlanir og ákvæði laga og reglugerða .....           | 6        |
| <b>3.</b> | <b>Áherslur skipulagsnefndar.....</b>                       | <b>7</b> |
| <b>4.</b> | <b>Áhrifamat.....</b>                                       | <b>8</b> |
| 4.1       | Valkostir/skipulagskostir .....                             | 8        |
| <b>5.</b> | <b>Skipulagsferli.....</b>                                  | <b>8</b> |
| 5.1       | Kynning og samráð.....                                      | 8        |
| 5.2       | Tímaáætlun .....                                            | 8        |

# 1. YFIRLIT

## 1.1 Viðfangsefni

Áformuð er stækkun svæðis fyrir akstursípróttir og skotsvæði á Glerárdal. Skipulagsbreyting verður unnin á tveim skipulagsstigum. Annars vegar þarf að breyta Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 (svæði 1.61.3-O) og hins vegar deiliskipulagi akstursípróttar- og skotsvæðis á Glerárdal, sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar 1. júlí 2008 og tók gildi 27. ágúst 2008.

Tilfni aðalskipulagsbreytingarinnar er beiðni Bílaklúbbs Akureyrar um stækkun lóðar félagsins svo möguleiki verði á að lengja spyrnubraut til að uppfylla alþjóðlegar kröfur, sem gerðar eru til slíkra brauta. Einnig barst umsókn KKA-Akstursípróttafélags um varanlega úthlutun lóðastækkunar sem félagið vill nota fyrir endurobrautir. Stækkun lóðar Skotfélagsins er til þess gerð að hægt verði að taka á kröfum um öryggissvæði innan lóðar.

Starfsemin á svæðinu (varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir) er tilgreind í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og voru fyrirhugaðar framkvæmdir tilkynntar Skipulagsstofnun árið 2008. Niðurstaða stofnunarinnar var að akstursípróttasvæði Bílaklúbbs Akureyrar á Glerárdal væri ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.<sup>1</sup>

Breytingar og viðbætur við framkvæmdir, sem tilgreindar eru í viðaukum laga nr. 106/2000, eru einnig tilkynningarskyldar og ber að tilkynna Skipulagsstofnun um framkvæmdir þegar þar að kemur. Skipulagsbreytingin er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Lýsing skipulagsverkefnisins er gerð í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en þar er kveðið á um að við upphaf skipulagsvinnu skuli taka saman og leggja fram lýsingu á verkefninu þar sem skýrt er frá helstu forsendum, áherslum og skipulagsferli. Einnig er með lýsingu þessari óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu verkefnisins sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulagsbreytingin verður sett fram á hefðbundnu breytingarblaði aðalskipulags.

**Í upphafi verks er umsagnaraðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.**

---

<sup>1</sup> Skipulagsstofnun 5. júní 2008. Akstursípróttasvæði á Glerárdal, Akureyri. Ákvörðum um matsskyldu.

## 2. HELSTU FORSENDUR


### 2.1 Staðhættir

Svæðið, sem áformað er að leggja við landnotkunarreit 1.61.3-O er vestan og ofan við núverandi svæði. Stækkunin nær frá um 200 m hæð upp í 300 m hæð yfir sjávarmáli. Einnig verða mörk landnotkunarreitsins færð í miðlinu Hlíðarfjallsvegar til samræmis við meginreglu um afmörkun landnotkunarreita í aðalskipulaginu.

Landið er mólendi, að hluta raskað af efnistöku neðst en nokkuð raskað af vegslóðum ofar. Um það liggja stofnlagnir vatnsveitu Norðurorku frá vatnsbólum í Hlíðarfjalli og á Glerárdal.

#### FORNMINJAR.

Fjöldi minjastaða eru skráðir í landi Glerár en enginn þeirra er á því svæði, sem lagt verður við landnotkunarreit akstursípróttasvæðisins.



Mynd 2.1 Skráðir minjastaðir sbr. fornleifaskrá í landi Akureyrar 1995-1999. Áformuð stækkun merkt með ljósbrúnum lit.

### 2.2 Gildandi skipulagsákvæði og tengsl við aðrar áætlanir

#### 2.2.1 ÁKVÆÐI AÐALSKIPULAGS AKUREYRAR 2005-2018

##### Opin svæði til sérstakra nota

| Nr.      | Stærð | Svæði                                            | Lýsing                                                                       | Skipulagsákvæði                                        |
|----------|-------|--------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------|
| 1.61.3 O | 70    | Akstursípróttasvæði og skotæfingasvæði við Glerá | Æfinga- og keppnisvöllir fyrir skottfimi. Núverandi efnisnámur og beitarhólf | Uppbygging, landmótun og frágangur skv. deiliskipulagi |

Áhrif: Stækkun svæðis, aukin starfsemi.

## Veitumannvirki innan skipulagssvæðis

| Nr.      | Stærð | Svæði                                         | Lýsing             | Skipulagsákvæði                                                 |
|----------|-------|-----------------------------------------------|--------------------|-----------------------------------------------------------------|
| 1.61.4 I | -     | Vatnsveitumannvirki við Torfadal ofan Glerár. | Óbyggt, óskipulagt | Svæði fyrir lokahús, vatnstank og athafnasvæði vegna vatnsveitu |

Áhrif: Engin.


## Aðliggjandi svæði norðan Hlíðarfjallsvegar:

| Nr.         | Stærð        | Svæði                                 | Lýsing                                   | Skipulagsákvæði                                                                |
|-------------|--------------|---------------------------------------|------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------|
| 1.43.4 A/ib | 1,8          | Hlíðarendi                            | Núverandi íbúðarhús og atvinnustarfsemi. | Óbreytt                                                                        |
| 1.43.5 F    | 8,3 (leiðr.) | Frístundabyggð í landi Hlíðarenda     | Óskipulagt, óbyggt                       | Svæði fyrir orlofshúsabyggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi.                   |
| 1.43.6 F/V  | 9,1          | Ferðapjónustusvæði í landi Hlíðarenda | Óskipulagt, óbyggt                       | Svæði fyrir ferðapjónustu, hótél og orlofshús. Uppbygging skv. deiliskipulagi. |
| 1.43.7 F    | 7,5 (leiðr.) | Frístundabyggð í landi Hlíðarenda     | Óskipulagt, óbyggt                       | Svæði fyrir orlofshúsabyggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi.                   |

Leiðrétting: Flatarmál svæða 1.43.5-F og 1.43.7-F hefur víxlast á breytingarblaði frá 2010.

Áhrif: Aukin starfsemi í grennd. Huga þarf að hljóðvörnum gagnvart byggðinni.

Svæðið sem um ræðir liggur að Glerárgili sem er á náttúruminjaskrá. Breytingin hefur ekki áhrif á stígakerfi og reiðleiðakerfi aðalskipulagsins.



Mynd 2.2 Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 m.s.br. Hringur um meginhluta stækkunar, 200 og 300 m hæðarlínur merktar.

### **2.2.2 GILDANDI DEILISKIPULAG**

Í gildi er deiliskipulag akstursíþrótta- og skotsvæðis á Glerárdal, sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar 1. júlí 2008.

### **2.2.3 AÐLIGGJANDI DEILISKIPULAG**

Í gildi er deiliskipulag orlofshúsabyggðar á hluta svæðis 1.43.6-F/V og er uppbygging svæðisins hafin. Ekki liggur fyrir deiliskipulag annarra áfanga áformaðrar byggðar norðan Hlíðarfjallsvegjar.

Áhrif: Aukin starfsemi í grennd. Huga þarf að hljóðvörnum gagnvart byggðinni.

### **2.2.4 AÐRAR ÁÆTLANIR OG ÁKVÆÐI LAGA OG REGLUGERÐA**

Á ekki við.

### 3. ÁHERSLUR SKIPULAGSNEFNDAR

Skipulagsnefnd leggur áherslu á eftirtalin atriði.

- Meginmarkmið skipulagsnefndar fyrir stækkun akstursíþrótta- og skotsvæðisins er að tryggja að þau félög og sú starfsemi sem fram fer á svæðinu geti þrífist og þróast í takt við þær kröfur sem gerðar eru til bíla-, bifhjóla- og skotíþrótta.

## 4. ÁHRIFAMAT

Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki eru tilgreindar í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Tilkynna ber fyrirhugaðar framkvæmdir til Skipulagsstofnunar, sem metur hvort þær skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Skipulag svæðisins fellur því undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Ítarleg umhverfisskýrsla var unnin við gerð deiliskipulagsins árið 2008. Ekki er talin þörf á að endurmeta áhrif á þá umhverfisþætti sem þar komu til umfjöllunar aðra en gróðurfar vegna stækkunar skipulagssvæðis.

Skipulagsbreytingin felur m.a. í sér stækkun lóðar KKA til vesturs, upp hlíð Hlíðarfjalls, um mólendi sem þegar er raskað að völdum vélknúinna ökutækja. Framtíðarnotkun svæðisins er ætluð m.a. til aksturs moto-cross hjóla og því er talið að neikvæð áhrif verði af völdum þess á gróðurfar. Á móti kemur að framkvæmdir á skipulagssvæðinu fela almennt í sér landslagsfrágang og víðtæka uppgræðslu lands með grasi og trjágróðri líkt og fram kemur í umhverfisskýrslu skipulagsins frá 2008.

### 4.1 Valkostir/skipulagskostir

Valkostur við breytingu á aðalskipulagi er óbreytt staða, núllkostur.

## 5. SKIPULAGSFERLI

### 5.1 Kynning og samráð

Með gerð lýsingar þessarar er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um áherslur og umfang áhrifamats áætlunarinnar. Skipulagsstofnun mun því í samræmi við ákvæði laga leggja mat á lýsingu þessa og veita ráð um verklag og vinnu við gerð skipulagsins. Jafnframt er umsagnaraðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð þessara skipulagsáætlana.

Lýsing skipulagsáætlunarinnar verður auglýst og kynnt í júní 2013 og send umsagnaraðilum. Lýsingin mun liggja frammi á vef Akureyrarbæjar [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is).

Umsagnaraðilar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Norðurorka
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

### 5.2 Tímaáætlun

Stefnt er að auglýsingu aðalskipulagsbreytingar í júlí 2013. Athugasemdafrestur verður 6 vikur. Stefnt er að gildistöku í september 2013.